

Sp.

145. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Eins og jafnan áður hefur samvinnunefnd samgöngumála unnið að undirbúningi og tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Í því starfi hefur nefndin notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. En hann stendur fyrir öflun upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja.

Nokkur hækkun hefur á þessu ári orðið á rekstrarkostnaði flóabátanna. Í fyrsta lagi vegna hækkunar á oliuverði. Enn fremur hlýtur gengisbreytingin að valda verulegri hækkun á rekstrarkostnaði bátanna á næsta ári og í lok þessa árs. Hefur nefndin því orðið að gera tillögur um hækkun framlaga til flestra flóabátanna. Hefur þó verið reynt að stilla þeim hækkunum sem mest í hóf og það fyrst og fremst haft fyrir augum, að þessari nauðsynlegu þjónustu verði haldið uppi í þágu félags- og athafnalífs í hinum einstöku byggðarlögum. Rétt er, að það komi fram, að fjárhagur einstakra flóabáta hefur undanfarin ár verið mjög þröngur og erfiður. Hefur nefndin ekki treyst sér til þess að mæta að fullu kröfum þeirra um stórhækkaða rekstrarstyrki. Hins vegar hefur verið reynt að greiða fyrir þeim eftir föngum og tryggja þar með, að ekki kæmi til stöðvunar á rekstri bátanna.

Um rekstrarafkomu hinna einstöku flóabáta vill samvinnunefndin taka eftirfarandi fram:

Norðurlandssamgöngur.

Um Norðurlandsbátinn Drang er það fyrst að segja, að gjörbreyting hefur orðið á aðstöðu hans að ýmsu leyti. Bætt akvegasamband hefur nú skapast á landi við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð. Má gera ráð fyrir, að það geti haft veruleg áhrif á rekstrarafkomu bátsins. Hins vegar hafa bæjarstjórnir beggja þessara kaupstaða sent samvinnunefndinni eindregnar áskoranir um það, að haldið verði áfram að styrkja rekstur Drangs og gert ráð fyrir áframhaldandi ferðum hans um sitt gamla farsvæði. Er bent á, að mjög sé ótryggt akvegasambandið við þessi byggðarlög að vetrarlagi, þar sem leiðir þangað teppist oftlega af snjóum. Útgerðar-

maður Drangs hefur hins vegar ekki treyst sér til þess að reka skip sitt með svipuðum hætti og áður með óbreyttum rekstrarstyrk. Var það því niðurstaðan, að nefndin lagði til, að styrkur til Drangs yrði hækkaður um 250 þús. krónur, enda haldi hann uppi ferðum um farsvæði sitt eftir þörfum. Nokkur reynsla ætti að fást fyrir því í vetur, hversu tryggt hið nýja akvegasamband verður við Siglufjörð og Ólafsfjörð.

Þá er lagt til, að framlag til Strandaferða verði hækkað um 40 þús. krónur, upp í 100 þúsund. Strandabátur hefur s. l. tvö ár, eftir að akvegasamband skapaðist við Árneshrepp, haldið uppi ferðum nokkurn tíma síðari hluta vetrar og á vorin, þar til vegir hafa opnast. Nú hefur þess verið óskað, að pósthafir þær, sem haldið er uppi frá Hólmavík norður á Djúpuvík og að Gjögri yfir vetrarmánuðina, verði styrktar nokkuð og stuðlað að því, að bátur sá, er þessar ferðir annast, geti tekið farþega. Hefur nefndin orðið við þessari ósk, og sprettur þessi hækkun styrksins af því. Leggur nefndin til, að þessi viðbótarstyrkur verði notaður í samráði við samgöngumálaráðuneytið til þess að bæta vetrarsamgöngur við Árneshrepp.

Lagt er til, að framlag til Haganesvíkurbáts verði óbreytt, en heildarframlag til Hríseyjarbáts lækki um 30 þús. krónur. Hins vegar hækkar rekstrarstyrkur til þessa báts um 30 þús. krónur.

Nefndin leggur til, að styrkur til flugsamgangna við Grímsey lækki um 10 þús. krónur. Hefur Tryggvi Helgason á Akureyri haldið uppi áætlunarflugi til Grímseyjar með svipuðum hætti og á s. l. ári. Munu hafa verið farnar um 100 flugferðir þangað á þessu ári.

Byggð hefur nú lagzt niður að vetrarlagi í Flatey á Skjálfanda. En flóabátur eyjarskeggja hafði á þessu ári 120 þús. króna rekstrarstyrk. Leggur nefndin nú til, að Flateyjarbátur á Skjálfanda fái 80 þús. kr. rekstrarstyrk. En gert er ráð fyrir, að eyjarbúar dvelji í eynni næsta sumar eða rúmlega hálf t. árið.

Austfjarðasamgöngur.

Um Austfjarðasamgöngur er það fyrst að segja, að gert er ráð fyrir, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts falli niður, þar sem byggðin í firðinum er nú að mestu komin í eyði. Mun aðeins einn einsetumaður dvelja þar á þessum vetri. Hins vegar leggur nefndin til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts lækki um 25 þús. krónur.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til snjóþjófleiðar, er gengur yfir Fjarðarheiði, verði hækkaður um 30 þús. og upp í 150 þús. krónur. Enn fremur verði veittur sérstakur styrkur til snjóþjófleiðar, er haldi uppi ferðum um Fagradal. Er lagt til, að til þessarar starfrækslu verði veittar 75 þús. krónur. Er hér um að ræða nýjan styrk. Hafa bæði byggðarlögin á Austfjörðum og Flugfélag Íslands lagt á það mikla áherzlu við nefndina, að nauðsyn bæri til þess að styrkja ferðir með snjóþjófleiðum, þar sem flugsamgöngur við Egilsstaði byggist mjög á þessari þjónustu.

Suðurlandssamgöngur.

Nefndin leggur til samkv. margra ára venju, að haldið verði áfram að veita ríkisstyrk vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslum. Er það tillaga nefndarinnar nú, að styrkur til vöruflutninga á Suðurlandi, það er til V.-Skaftafellssýslu, lækki um 85 þús. krónur. Sprettur sú styrkhækkun fyrst og fremst af hækkun benzínverðs.

Þá er lagt til, að styrkur til vöruflutninga til Öræfa lækki um 85 þús. krónur. En framlagi til vöruflutninga til Öræfa hefur á undanförunum árum aðallega verið varið til að greiða niður flutningskostnað með flugvélum. Með hinni nýju brú á Jökulsá opnaðist akvegasamband við Öræfasveit. Öræfingar eru nú að undirbúa þá breytingu, að loftflutningar þaðan geti fallið niður, en sláturafurðirnar verði fluttar landveg til Hornafjarðar. Þessi breyting getur þó ekki orðið á næsta ári, nema að

takmörkuðu leyti. Er því lagt til, að veittar verði að þessu sinni til vöruflutninga til Öræfa 80 þús. krónur. Er það, eins og fyrr segir, 85 þús. króna lækkun.

Þá hefur nefndin tekið upp nýja smáfjárveitingu til vatnadreka við Skeiðará, að upphæð 35 þús. krónur. Er hér um að ræða öryggistæki, sem héraðsbúar telja mjög mikils virði að sé staðsett á þessum slóðum, fyrst og fremst til þess að aðstoða, ef á þarf að halda, bifreiðar, sem leið eiga yfir Skeiðará.

Þá er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts hækki um 50 þús. krónur.

Faxaflóasamgöngur.

Fjárhagur h/f Skallagríms, sem heldur uppi ferðum milli Reykjavíkur og Akraness, er enn sem fyrr mjög þröngur. Telur útgerðarstjórnin sig þurfa a. m. k. 1 millj. króna hækkun á ríkisstyrk, í senn til að mæta rekstrarhalla og kostnaði vegna flokkunarviðgerðar, sem fram fór á skipi félagsins, „Akraborg“, á árinu 1965.

Útgerðarstjórn „Akraborgar“ hefur upplýst, að skipið hafi á s. l. ári flutt rúmlega 48 þús. farþega. Er af þessu auðsætt, að hér er um mjög nauðsynlega og þýðingarmikla þjónustu að ræða. Samvinnunefndin hefur þó ekki talið sér mögulegt að mæla með svo mikilli styrkhækkun sem útgerðarstjórnin fer fram á. Leggur nefndin til, að heildarstyrkur til Skallagríms verði hækkaður um 500 þús. krónur, upp í 2.5 millj. króna.

Nefndinni er ljóst, að óhjákvæmilegt er að taka þennan rekstur til sérstakrar athugunar. Má í því sambandi benda á, að nefnd vinnur nú að athugun samgangna umhverfis Hvalfjörð. Er gert ráð fyrir, að hún taki samgöngumál þessa landshluta í heild til athugunar. Nefndin vekur athygli á því, að lagt var til í síðasta nefndaráliti hennar, að sérstök nefnd yrði skipuð til að rannsaka flutningaþörf og samgöngur milli Akraness og Reykjavíkur, með það fyrir augum að finna hagkvæmari lausn á flutningavandamáli þessa farsvæðis. Verður að vænta þess, að fyrrgreind millipinganefnd taki þetta mál í heild til athugunar.

Lagt er til, að styrkur til Mýrabáts hækki um 3 þús. krónur.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði óbreyttur frá s. l. ári, eða 455 þús. krónur. Bátur þessi heldur uppi samgöngum milli vestureyja Breiðafjarðar og landhreppanna í A.-Barðastrandarsýslu á vetrum. Í fyrrgreindri styrkuppþæð er innifalið 25 þús. króna framlag til ferða af Barðaströnd með beltisdráttarvél yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóar hindra ferðir bifreiða á þessari leið. Það er tillaga nefndarinnar, að hreppsnefnd Flateyjarhrepps hafi framvegis umsjón með rekstri og ferðum Flateyjarbáts.

Afkoma Stykkishólmsbátsins Baldurs hefur á árinu reynzt mjög bágborin. Tekjur bátsins af farmgjöldum og fargjöldum hafa orðið töluvert minni en gera hefði mátt ráð fyrir. Enn fremur hvíla á honum þung lán, sem nauðsynlegt er að koma í betra horf. Kostnaðarverð bátsins varð enn fremur miklu meira en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Benti nefndin á það í síðasta nefndaráliti sínu, að nauðsynlegt væri að fjárhagsvandamál þessa báts yrðu tekin til ýtarlegrar athugunar og úrlausnar. Er það skoðun hennar, að á því megi ekki verða frekari dráttur. Nefndin leggur til, að rekstrarstyrkur Stykkishólmsbáts hækki um 500 þús. krónur.

Þá er lagt til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 20 þús. krónur.

Vestfjarðasamgöngur.

Styrkur til Djúpbátsins h/f á Ísafirði, sem rekur m.s. „Fagranes“, hefur hækkað tiltölulega lítið síðustu árin. Ferðir skipsins hafa verið með svipuðum hætti og áður, en það heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kaupúnanna í V.-Ísafjarðar-

sýslu. Óhjákvæmilegt var nú talið að hækka styrk til bátsins verulega, og er lagt til, að hann verði 1700 þús. krónur og hækki um 350 þús. krónur.

Gert er ráð fyrir smávægilegri styrkhækkun til þriggja smábáta á Vestfjörðum: Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts.

Samkv. framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1968 kr. 10 465 000.00. Er það rúmum 1 780 þúsund krónum hærra en á árinu 1967.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæð skiptist þannig:

1. Norðurlandsbáturinn Drangur	1600 þús. kr.
2. Til Strandaferða	100 — —
3. Haganesevíkurbátur	25 — —
4. Hriseyjarbátur	80 — —
5. Grímsey, vegna flugferða	70 — —
6. Flateyjarbátur á Skjálfanda	80 — —
7. Mjóafjarðarbátur	200 — —
8. Til snjóþífreiðar á Fjarðarheiði	150 — —
9. Til snjóþífreiðar á Fagradal	75 — —
10. Til vöruflutninga á Suðurlandi	675 — —
11. Til vöruflutninga til Öræfa	80 — —
12. Til vatnadreka við Skeiðará	35 — —
13. Vestmannaeyjabátur, vegna mjólkurflutninga	400 — —
14. H/f Skallagrímur — „Akraborg“	2500 — —
15. Mýrabátur	10 — —
16. Flateyjarbátur á Breiðafirði	455 — —
17. Stykkishólmsbátur — „Baldur“	2000 — —
18. Langeyjarnesbátur	120 — —
19. Djúpbátur — „Fagranes“	1700 — —
20. Dýrafjarðarbátur	55 — —
21. Patreksfjarðarbátur	30 — —
22. Skötufjarðarbátur	25 — —

Samtals 10 465 þús. kr.

Alþingi, 12. des. 1967.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.	Jón Árm. Héðinsson, form. Ed.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.	Steinþór Gestsson.	Ásgeir Bjarnason.
Karl Guðjónsson. Guðlaugur Gíslason.	Steingrímur Pálsson. Björn Pálsson, með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson. Páll Þorsteinsson.
Jónas G. Rafnar.	Sigurvin Einarsson.	